

Hugtak / orð:	Skilgreining:	Skýring:	Enska:	Sjá einnig:
afþreying	Skemmtun, hvíldar- eða tólmstundaiðja sem veitir ánægju, eykur sköpunargleði eða þægindatilfinningu, styttir biðtíma eða hjálpar jafnvel einstaklingnum við að gleyma um stund erfiðum aðstæðum. Afþreying gerir ekki endilega kröfu um virkni eða þátttöku.	Afþreying er eitt form tólmstunda samkvæmt skilgreiningu Nash, þ.e. einföld skemmtun, s.s. að hlusta á tónlist, horfa á bíómynd eða að fara í leikhús.	e. recreational activity	
félagsleikir	Leikir sem byggja á innihaldsríkum/uppbyggilegum samskiptum eða er ætlað að efla þau.	Félagsleikir eru oft skilgreindir sem hluti af hugþroskaleikjum sem hafa að markmiði að örva hugsun hjá þátttakendum. Slíkir leikir reyna oft á skynjun, orðaforða, rökhugsun, snertingu og næmni (góður grunnur að skýringu á hugþroskaleikjum, skoða og lesa saman). Félagsleikir fjalla um nánd, samkennd, sjá einnig hópeflisleikir og samvinnuleikir.		
fjörefli	Aðferð sem notuð er til þess að hrista saman hópa, hressa fólk við og endurnýja orku.	Fjörefli snýst um ísbrjóta, leiki og skemmtun. Lögð er áhersla á gleði og að skapa jákvæðar minningar. Fjörefli getur falist í leikjum, smærri viðburðum og öðru sem léttir andann í amstri dagsins.	e. icebreaker games	
frjáls leikur	Sjálfsprottin, virk, og oftast ánægjuleg athöfn sem byggist á ímyndunarafli og sköpun og hefur yfirleitt engan beinan tilgang annan en að leika sér.	Greina verður á milli frjáls leiks (e. free play) og leiks eftir reglum (e. guided play). Engin viðurkennd skilgreining er til á frjálsum leik, en nefna má þessa skilgreiningu. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er réttur barna til leiks tryggður.	e. free play	
hlutverkaleikur	Leikur eða spil þar sem þátttakendur eru í hlutverki ímyndaðrar persónu sem leysir ákveðnar þrautir eða viðfangefni.	Í hlutverkaleikjum æfa þátttakendur sig í að setja sig í spor annarra og læra að skilja betur ólík sjónarmið, viðhorf og tilfinningar.	e. role-playing game	

hópeflisleikir	Leikir til að styrkja hópa, einstaklinga og efla samvinnu með því að stuðla að því að fólk kynnist, skapi tengsl og traust.	Hópeflisleikir og hópeflisæfingar miða að því að efla hópkennd, skapa grunn fyrir heiðarlegt samtal, traust samskipti og að styðja við jákvæða þróun hópsins. Markmiðið er að auka skilning á þeim fjölmörgum þáttum sem taka þarf tillit til í nærveru sálar. Leikir til að að styrkja hópa, einstaklinga og efla samvinnu með því að bæta tjáskipti, samskipti og hegðun, efla skilvirkni, bæta félagsfærni og byggja upp traust, vinna gegn neikvæðri hegðun og stuðla að hraðari og jákvæðri þróun hópa (lesa og bræða saman í styttri skýringu). Flokka má hópeflileiki í ýmsa undirflokkar m.a. kynningarleiki, nafnaleikir, ísbrjótar, samvinnuleiki, traustleiki og þrautalausnleiki.		
hópleikir	Leikir sem farið er í hóp eða hópum. Í hverjum hóp reynir á samvinnu og að hjálpa öðrum en jafnframt reynir á sjálfstæði einstaklingsins.			
hópskiptingarleikir	Leikir sem eru notaðir til að skipta stærri hóp í minni.			
hópstyrkingarleikir	Sama skilgreining og á "hópeflisleikir".			
innileikir	Leikir sem miða að því að umhverfi þeirra sé innanhúss.	Í almennri orðræðu er leikjum oft skipt í inni- og útileiki. Orðræðan ræðst fremur af hefð en fræðilegri skilgreiningu.		
ísbrjótar	Leikir, eða önnur viðfangsefni, sem ætlað er að hrista fólk saman og auðvelda samskipti.			
kvikspuni	Hlutverkaleikur þar sem þátttakendur leika atburði eða aðstæður, oft í búningum og með leikmunum.			
kynningarleikir	Leikir sem ætlað er að nota til að kynnast öðrum, t.d. í upphafi námskeiðs og gjarnan til að læra nöfn.			nafnaleikir
leikjadagskrá	Áætlun um leiki til þess að nota með hópi, „leikjaprógram“.			
leikjafræði	Skilgreiningar og kenningar fræðimanna um leik og leiki.	Fræði um leikinn.		
leikjafræðingur	Sérfræðingur í leikjafræði.			

leiklist	Leikferli sem felur í sér tjáningu tilfinninga og reynslu, oftast fyrir framan áhorfendur.	Leiklist er iðkuð í fjölbreyttum aðstæðum fyrir ólíka hópa, s.s. í atvinnuleikhúsum, hjá áhugaleikhópum um allt land og í frístunda- og skólastarfi. Leiklist getur verið valdeflandi bæði fyrir þá sem taka þátt en einnig fyrir áhorfendur. Oft er verið að miðla áhugaverðum sögum og reynslu sem hafa áhrif á áhorfendur og eru mikilvægur þáttur í menningarlífinu.	e. drama	
leiklist í námi	Aðferðir leiklistar eru notaðar sem náms- og kennsluáferð.	Leiklist í námi er þverfagleg námsaðferð (e. cross-curricular learning) þar sem þátttakendur fá tækifæri til að skapa, túlka og tjá eigin hugmyndir og annarra. Markmið leiklistar í námi er m.a. að þátttakendur setji sig í spor annarra, stuðla að sjálfstæði og efla ábyrgðarkennd, frumkvæði og umburðarlyndi. Leiklist gefur börnum tækifæri á að vinna með verkefni sem ýta undir frumlega hugsun og sköpun og eflir málvitund og sjálfstæð vinnubrögð. Þátttakendur ganga inn í ímyndaðan heim og takast á við margvísleg hlutverk, þeir lifa sig inn í aðstæður og verða að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á afleiðingum þeirra.	e. process drama / educational drama	leiklist
leikræn tjáning	Aðferð þar sem þátttakendur upplifa sjálfir tilfinningar og reynslu óháð sambandi við áhorfendur	Leikræn tjáning og leiklistaræfingar gagnast með fjölbreyttum hætti í frístunda- og skólastarfi, t.d. til upphitunar og sköpunar, til að mynda tengsl, sem liður í hópefli og eru þjálfun í að túlka aðstæður og málefni.		
leikur	Athöfn sem oftast er farið í til skemmtunar.	Íslenska hugtakið leikur er notað jafnhendis yfir ensku hugtökin „play“ og „game“. Greina verður á milli frjáls leiks (e. free play) og leiks eftir reglum (e. guided play) sem ýmist er stýrður leikur eða frjáls. Engin viðurkennd skilgreining er til á frjálsum leik sem er nokkuð breytileg milli fagsviða. Leikurinn er mikilvægur þáttur í þroska og lífi barna og er réttur þeirra til leiks undirstrikaður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	e. games	
nafnaleikir	Leikir sem styðja þátttakendur til að kynnast og læra nöfn hvers annars.			
netleikir	Leikir á netinu sem byggja á gagnvirkni eða rafrænum samskiptum.			

ratleikir	Leikir sem byggja á að fara ákveðna leið og afla sér upplýsinga eða leysa þrautir á mismunandi stöðvum, úti eða inni.			
regluleikir	Athafnir sem lúta fyrirfram gefnum leikreglum, fylgja ákveðnu ferli, hafa tiltekin markmið og fela oft í sér keppni.			
samvinnuleikir	Leikir sem efla samvinnufærni, samskiptafærni, samkennd og færni í að leysa ágreining.	Í samvinnuleikjum eru allir að vinna að sameiginlegu markmiði og að styðja hvern annan. Samvinnuleikir gefa þeim sem leiðir einnig tækifæri á að grípa inn í og leiðbeina þáttakendum, með því að nýta svokölluð lærdóms- eða námstækifæri (e. teachable moments).	e. co-operative games	
stýrður leikur	Leikur sem krefst þess að honum sé stýrt eða hann leiddur af einum eða fleiri einstaklingum.	Stýrður leikur hefur markmið og umgjörð. Flestir námsleikir eru stýrðir leikir.	e. guided play	
traustleikir	Leikir sem miða að því að byggja upp traust milli þátttakenda.	Oft nýttir sem undanfari krefjandi verkefna, t.d. sem undanfari leiklistaræfinga eða verkefna sem þátttakendur munu takast á við í sameiningu. Geta einnig verið hluti af hópeflisleikjum.		
upphitunarleikir	Einfaldir og aðgengilegir leikir sem ætlaðir eru sem undanfarar annarra leikja eða viðfangsefna.	Upphitunarleikir styðja þáttakendur í að verða móttækilegri og opnari fyrir því sem á eftir kemur í skipulögðu frístunda- og skólastarfi en geta jafnframt nýst á vinnustöðum eða við aðrar aðstæður dagslegs lífs. Upphitunarleikir eru jafnframt leið til að ramma inn stað og stund. Þeir eru alla jafna stýrðir leikir (gera tengingu - ath lesa saman með stýrðum leik). Væri gott að bæta við dæmum.		
útileikir	Leikir sem miða að því að umhverfi þeirra sé utandyra.			
víðavangslleikir	Útileikir sem krefjast alla jafna nokkurs svæðis og byggja á hreyfingu.	Víðavangslleikir eru útileiki þar sem útisvæði eru nýttir til leikja sem krefjast hreyfingar og ærsla. Legg til að við skoðum orðið í samhengi við útileiki, s.s. víðavangur og úti. En ekki allir útileikir endilega sem krefjast ærsla og hreyfingar – eða hvað? Hér erum við að tala um skyld orð eða jafnvel samheiti eða hvað? Dæmi eru alls kyns eltingaleikir.		

þátttökuleikhús	Gagnvirkt leikhús sem byggir á því að áhorfendur taka þátt í því sem fram fer og geta haft áhrif á framvindu.	Leikin atriði þar sem spunninn er þáttur sem hópurinn hefur tekið sameiginlega ákvörðun um að vinna að. Aðrir þátttakendur sem horfa á geta stöðvað ferlið hvenær sem er og beðið leikendur að gera eitthvað annað eða fengið leikara til að skipta við sig og gengið sjálfir inn í atburðarásina. Leikendur geta á sama hátt stöðvað sýninguna og beðið áhorfendur um hjálp eða látið einhvern annan koma í sinn stað. Þátttökuleikhúss kemur upphaflega frá Brasíliu á 8. áratug síðustu aldar. Upphafismaður þess var Augusto Boal sem notaði leikhúsið sem tæki til þess að hafa áhrif á þjóðfélagsástandið, stuðla að breytingum og valdefla íbúa.	e. forum theatre	leiklist, leiklist í námi
þrautir	Ýmis konar viðfangsefni sem byggja á rökhugsun.	Nær yfir fjölbreytt viðfangsefni, allt frá einföldum gátum og yfir í það að leita svara við flóknum opnum spurningum.		
ævintýraleikir	Tölvuleikur þar sem leikmaður (spilari) er í hlutverki söguhetja í gagnvirkri sögu, ferðast um leikheiminn og leysir þrautir.	Margir ævintýraleikir eru hannaðir fyrir einn spilara og byggja oft á sagnahefð, bókmenntun og kvikmyndum. Einn fyrsti ævintýraleikurinn var Colossal Cave Adventure sem kom út 1976 en aðrir þekktir ævintýraleikir eru til dæmis Myst, Zork, Thimbleweed park, Night in the woods, Firewatch og Life is strange.	e. adventure games	